



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2021



Vorið 2022.
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu:
Ljósmynd tekin við útskrift úr „Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum“ vorið 2021.
Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

Um Farskólann.....	4
Stofnun og stofnaðilar.....	4
Stjórn og varastjórn.....	5
Gildi Farskólans.....	6
Mannauður.....	6
Fjárframlög frá opinberum aðilum.....	8
Starfsemi Farskólans í tölum.....	9
Um fræðslustarfið - tölfræði.....	12
Námskeið.....	12
Námsmenn.....	15
Námið.....	17
Vottaðar námsleiðir - framhaldsfræðsla.....	17
Starfstengd námskeið – persónuleg færni.....	21
Íslenska fyrir útlendinga.....	22
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra.....	24
Önnur námskeið.....	25
Náms- og starfsráðgjöf.....	27
Raunfærnimat.....	30
Háskólanám.....	32
Þróunarstyrkir 2021.....	34
Gæðastarf og viðurkenning.....	35
Samstarf og önnur verkefni.....	38
Húsnæði og búnaður.....	42
Starfið framundan.....	43
Lokaorð.....	45
Fylgiskjöl.....	46

Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Starfsár Farskólans eru því að verða 30. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, Sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrutafirði í vestri og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.106 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Á svæðinu voru sjö sveitarfélög og er Sauðárkrókur stærsti þéttbýliskjarninn. Íbúar á Norðurlandi vestra voru um 7400 árið 2021 samkvæmt Hagstofu Íslands.



Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans vorið 2021. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans sem kosin var á aðalfundi vorið 2021

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög - Samstaða	Guðmundur Finnbogason	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir - FISK	Hulda Björg Jónsdóttir	Bryndís Lilja Hallsdóttir
Sveitarfélög – Blönduósþær	Hjálmar B. Guðmundsson	Rakel Runólfsdóttir
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Háskólinn á Hólum	Erla Björk Örnólfsdóttir	Hjördís Gísladóttir

Árið 2021 voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir. Aðalfundur var haldinn mánudaginn 31. maí.



Frá vofundi Farskólans að Hólum, 23. júní 2021. Frá vinstri: Bryndís Williams Þráinsdóttir, Anna Katarzyna Szafraniec, Sara Níelsdóttir, Lee Ann Maginnis, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Þórarinn Sverrisson, Guðmundur Finnbogason, formaður, Sandra Hilmarsdóttir og Gígja Símonardóttir. Á myndina vantar: Huldu Jónsdóttur, Erlu Björk Örnólfsdóttur, Öldu Laufeyju Haraldsdóttur og Halldór B. Gunnlaugsson, sem tók myndina..

Vorfundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur samkvæmt skipulagsskrá, var haldinn 23. júní að Hólum í Hjaltadal. Þema vorfundarins var samfélagsábyrgð og sýnileiki. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, stýrði vinnu fundarins af miklum myndarskap.

GILDI FARSKÓLANS

Á vorfundi Farskólans 24. júní 2019 voru gildi Farskólans ákveðin. Gildin eru: *Framsækni*, *virðing* og *sveigjanleiki*.

Framsækni: Farskólinn er framsækin miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem leggur áherslu á fagmennsku á öllum sviðum. Fagmennskan byggir meðal annars á námskrám, áætlunum og gæðaviðmiðum sem Farskólinn hefur sett sér. Farskólinn vill vera í fremstu röð þegar kemur að framförum og nýjungum.

Virðing: Í Farskólanum mætum við hverjum námsmanni þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum: jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Í Farskólanum er borin virðing fyrir starfsfólki og námsmönnum og þeim eru boðnar góðar aðstæður til vinnu og náms.

Sveigjanleiki: Farskólinn leitar leiða til að koma til móts við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Farskólinn er fljótur að bregðast við aðstæðum sem koma fram í samfélaginu fyrir nám og þjálfun.

MANNAUÐUR

Árið 2021 voru fastráðnir starfsmenn Farskólans fimm í 4,5 stöðugildum. Starfsmenn voru:

- Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir: Framkvæmdastjóri. Fjármál, stjórnun, verkefnastjórn.
- Gígja Símonardóttir: Símsvörun, ut anumhald skráninga, Inna, reikningar.
- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.
- Sandra Hilmarsdóttir: Náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, verkefnastjórn og kennsla.

Tveir starfsmenn til viðbótar störfuðu fyrir Farskólann: Margrét Guðmundsdóttir, frá bókhaldsstofunni KOM sá um að færa bókhald. Jevgenija Zlotnikova var verkefnaráðin sem kvöldstarfsmaður vegna námskeiða á vorönn.

Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi sagði upp störfum frá og með 30. nóvember.



Starfsfólk Farskólans við lok vorannar 2021. Frá vinstri: Jóhann, Bryndís, Sandra, Gígja og Halldór.

Leiðbeinendur og verktakar í kennslu

Í gæðahandbók Farskólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tómsundanámskeiðum er horft meira til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans ...“.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans voru nánast allir verktakar. Þeir leiðbeinendur sem komu að kennslu námskráa FA voru nánast allir með kennsluréttindi.

Gerðir voru verktakasamningar við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kom: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.



Frá aðalfundi 2021. Frá vinstri: Erla Björk Örnólfsdóttir, Ingileif Oddsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Bryndís Lilja Hallsdóttir, Rakel Runólfsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Guðmundur Finnbogason.

Fjárframlög frá opinberum aðilum

Árið 2021 fékk Farskólinn styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til reksturs að upphæð 27 milljóna króna og 1,7 milljón vegna umsýslu við háskólanemendur.

Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til verkefna í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Farskólinn fékk einnig framlög frá Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra og Rannís, vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2020. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki frá opinberum aðilum til Farskólans árið 2021.

Framlag frá	Verkefni	Styrkuppahæð
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Rekstrarstyrkur.	27.000.000,-
	Viðbótarframlag (frá 2016)	0,-
	Styrkur vegna umsýslu háskólanáms.	1.700.000,-
	Íslenska fyrir útlendinga (Rannís).	2.800.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila	1.500.000,-
Fræðslusjóður framlög 2021	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat.	18.990.000,-
Fjölmennt	Fræðsluverkefni fyrir fólk með fötlun.	2.700.000,-
Samtals:		54.690.000,-

Helstu framlög og styrkir frá árinu á undan lækkuðu um sem nemur um 8% eða úr 59,6 milljónum í 54,7 milljónir.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Viðauki við samning milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Farskólans var endurnýjaður fyrir árið 2021. Í eldri samningi sagði meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn muni: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluástöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á


og fjárhagur leyfir ... sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).

Framlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Farskólans nam 27 milljónum króna og lækkaði verulega frá árum á undan eins og komið hefur fram í fyrri ársreikningi og ársskýrslu.

STARFSEMI FARSKÓLANS Í TÖLUM

Farskólinn er á fjárlögum og er skólinn ekki rekinn með hagnaðarsjónarmið í huga (non – profit). Auk þess kemur styrkur eða vildargjöld frá stofnaðilum.

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2012 til ársins 2021 og sýnir myndin breytingar á fjárhagslegu umfangi starfseminnar á tímabilinu og rekstrarniðurstöðu hvers árs. Árin 2014 og 2019 var hagnaður af starfseminni verulegur. Árið 2014 var verkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi í gangi“ og fylgdi því aukaframlög til ýmissa verkefna og árið 2019 voru tekjur verulega hærra en árið á undan auk þess sem ráðgjafi Farskólans fór í barneignarleyfi og var ekki ráðinn ráðgjafi í hans stað heldur stuðst við þjónustu verktaka. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2021.




Mynd 1. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2012 – 2021.

Rekstrarniðurstaða ársins 2021 var neikvæð um 2.189.779 kr. Skýringarnar felast meðal annars í minni umsvifum í námskeiðahaldi vegna Covid – 19 og vegna lækkunar á styrkjum frá hinu opinbera. Ef niðurstöðutölur eru skoðaðar undanfarin 10 ár þá er samanlagður hagnaður af rekstrinum rúmlega 3 milljónir á tímabilinu. Samkvæmt samþykktum stjórnar voru ekki gerðar breytingar á starfsmannahaldi árið 2021.


Tekjur

Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu tekna frá árinu 2017 – 2021. Tekjur vegna verkefna Fræðslusjóðs, íslenskukennslu og Fjölmennt flokkast hér sem „Tekjur vegna verkefna“.



Mynd 2. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu tekna árin 2017 – 2021.


Þróun tekna frá árinu 2017 má sjá á mynd 3. Tekjur frá hinu opinbera hafa lækkað eins og myndin sýnir.



Mynd 3. Myndin sýnir þróun tekna frá árinu 2017.


Útgjöld

Á mynd 4 má sjá hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2017.



Mynd 4. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2017.

Á mynd 5 má sjá hlutfall launakostnaðar af tekjum frá árinu 2008. Frá árinu 2011 hafa starfsmenn verið fimm í 4,75% stöðugildum.




Mynd 5. Myndin sýnir hlutfall launakostnaðar af tekjum frá árinu 2008.

Um fræðslustarfið - tölfræði

NÁMSKEIÐ

Í Farskólanum er starfsárinu skipt upp í tvö tímabil; vorönn og haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið og eru skilgreind sem fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2021 voru haldin samanlagt 82 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; allt frá námskeiðum sem stóðu yfir í 300 kennslustundir til námskeiða eða fyrirlestra sem stóðu yfir í rúma klukkustund. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um námskeiðin. Námskeiðum og fyrirlestrum fækkaði á milli ára eða um þrjú námskeið. Ástæðuna má rekja til heimsfaraldurs Covid. Sjá nánar á mynd 6.



Mynd 6. Myndin sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra á hverju ári frá 2012 – 2020.


Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans 2021 voru, eins og áður, flokkuð í eftirfarandi fimm flokka:

- **Vottaðar námsleiðir FA** (framhaldsfræðsla) sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- **Starfstengd námskeið** sem tengdust störfum fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- **Íslenskunámskeið** sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Rannís).
- **Fjölmennt.** Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- **Tómstundanámskeið** (Gagn og gaman).

Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á þjónustu og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, til dæmis vottaðar námsleiðir FA, nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu og íslensku. Starfstengd


námskeið og fyrirlestrar voru samtals 46 árið 2021. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd sjö.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda námskeiða/fyrirlestra eftir flokkum frá árinu 2017.

Námskeiðin haldin víða – vefnámskeiðum fjölgaði verulega í Covid


Flest námskeið voru haldin í sveitarfélaginu Skagafirði eða 20 námskeið (19 árið 2020). Í Húnaþingi vestra voru haldin fjögur námskeið (6 árið 2020) og átta á Blönduósi (5 árið 2020). Árið 2021 voru haldin 39 vefnámskeið. Má þar meðal annars nefna „Leikskólalíða- og stuðningsfulltrúabru“, „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“, „Grunnmennt“ og fjöldann allan af starfstengdum námskeiðum. Sjá nánar á mynd 8.



Mynd 8. Myndin sýnir hvar námskeið voru haldin og fjölda námskeiða í Zoom/Teams .


Kennslu- og nemendastundir

Árið 2021 voru kennslustundir á námskeiðum og fyrirlestrum **1.722** að tölu (1.511 árið 2020). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Sjá mynd 9.



Mynd 9. Fjöldi kennslustunda á ári frá 2012.

Árið 2021 voru nemendastundir **13.909** (12.901 árið 2020). Nemendastundum fjölgaði um tæp 8% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 10.




Mynd 10. Fjöldi nemendastunda frá árinu 2012.

NÁMSMENN

Fjöldi násmanna, kynjaskipting og aldur

Árið 2021 stunduðu **830** námsmenn nám (870 árið 2020) í Farskólanum. Námsmönnum fækkaði um 4,5% á milli ára. Fjöldi kvenna var **647** (720 árið 2020) og fækkaði þeim um 10% á milli ára. Fjöldi karla var **183** (150 árið 2020) og fjölgaði þeim um 22% á milli ára. Sjá mynd 11.



Mynd 11. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2012 til ársins 2021.


Skýringuna á þessari miklu fækkun á fjölda námskeiða, kennslustunda og nemenda má rekja til heimsfaraldurs vegna Covid – 19.

Árið 2021 var meðalaldur násmanna Farskólans **44 ár** (46 ár árið 2020). Flestir námsmenn voru á aldrinum **41** ára (64 ára 2020). Elsti námsmaðurinn var **86** ára (76 ára árið 2020) og sá yngsti var **16** ára (16 ára 2020).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftast en einu sinni á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **529** að tölu (568 árið 2020).

Hvaðan af Norðurlandi vestra komu námsmenn?

Flestir námsmenn Farskólans komu frá Sauðárkróki eða 316 námsmenn en það eru 38% námsmanna. Frá Blönduósi komu 115 námsmenn og frá Hvammstanga komu 44 námsmenn. Sjá nánar mynd 12 sem sýnir í hvaða póstnúmerum námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 12. Myndin sýnir í hvaða póstnúmerum námsmenn Farskólans áttu lögheimili árið 2021.

Námið

Námsvísir og aðrar auglýsingar

Árið 2021 gaf Farskólinn út einn námsvísi og nokkra einblöðunga, þar sem námskeið voru auglýst og þjónusta skólans vandlega kynnt. Námskeið voru einnig kynnt á heimasíðu og á Facebook. Í námsvísi haustannar 2021 var viðtal við námsmanninn Jón Egil Indriðason en hann var nemandi í vottuðu námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Viðtalið má lesa í heild sinni aftast í þessari ársskýrslu.

VOTTADAR NÁMSLEIÐIR - FRAMHALDSFRÆÐSLA

Árið 2021 námu framlög Fræðslusjóðs til að kenna vottaðar námsleiðir FA, 12.033.000 kr (11.960.000 kr árið 2020). Heimild fékkst til að flytja fjármagn eða eina milljón króna úr raunfærnimatspottinum yfir í námsleiðirnar og því nam framlagið á endanum **13.033.000 kr.** Markmið ársins 2021 náðust hvað varðar nýtingu á fjármagni til kennslu vottaðra námsleiða.

Árið 2021 voru kenndar í Farskólanum sex vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólaeininga, en þó er það undir hverjum og einum framhaldsskóla komið hvort og hvernig hann metur námið inn í sinn skóla. Sjá nánar í töflu 3.

Upplýsingar um framkvæmd námsleiðanna eru vel aðgengilegar í Farskólanum hverju sinni, þar sem verkefnastjórar skila skýrslu um framkvæmd þeirra.

Tafla 3. Taflan sýnir þær vottuðu námsleiðir FA, sem kenndar voru árið 2021.

Vottaðar námsleiðir	Hlutfall *	Hvar haldnar	Athugasemdir
Nám og þjálfun í alm. bókl. greinum	50%	Sauðárkrókur	Zoom eftir að Covid hófst.
Leikskólal- og stuðningsf.brú – 2 önn	25%	Sauð., Varmahl.	Zoom. Lýkur 2022.
Leikskólal- og stuðningsf.brú – 3 önn	25%	Sauð., Varmahl.	Zoom. Lýkur 2022.
Grunnmennt 1 – fyrri hluti	50%	Skagafjörður	Zoom eftir að Covid hófst.
Skref til sjálfshjálpar - íslenska	100%	Blönduós	Fyrir fólk af erlendu bergi brotið.
Skref til sjálfshjálpar - íslenska	100%	Sauðárkrókur.	Fyrir fólk af erlendu bergi brotið.
Skref til sjálfshjálpar- íslenska	100%	Hvammstangi	Fyrir fólk af erlendu bergi brotið.

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2021.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Haustið 2020 hófst ellefta námskeiðið í **Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum**; ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Námskeiðið var kennt í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Þátttakendur tóku ekki formleg próf heldur skiluðu þeir verkefnum, bæði í kennslustundum og með skilum á heimavinnu. Í hvern námsþátt var 80% mætingaskylda og gerð var krafa um virkni í tímum.

Fjórtán námsmenn og konur hófu námið haustið 2020. „Hluti karlanna stunduðu helgarnám í húsasmíði hjá FNV. Einhverjir tóku raunfærnimat í húsasmíði og pípulögnum. Þrír námsmanna útskrifuðust frá FNV vorið 2021“ (2021. Úr skýrslu verkefnastjóra, Jóhanns Ingólfssonar). Vorið 2021 útskrifuðust ellefu nemendur úr Námi og þjálfun; fimm karlar og sex konur og voru þeir á aldrinum 24 til 47 ára.

Jón Egill Indriðason fór í Nám og þjálfun hjá Farskólanum og útskrifaðist sem vélvirki frá FNV vorið 2021

„Námið gekk óvenju vel miðað við það hvernig grunnskólagangan gekk“, segir Jón Egill. Hann segir að gangurinn í náminu hafi verið góður og ekki mjög erfiður. Hann fékk aðgang að Hljóðbókasafninu sem hann nýtti sér óspart. Hann telur að ekki þurfi að breyta skipulagi námsins frá því sem nú er.“



Leiðbeinendur voru: Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, sem kenndi meðal annars námstækni. Eva Óskarsdóttir, sem kenndi ensku, Gísli Árnason, sem kenndi stærðfræði og Ágúst Ingi Ágústsson, sem kenndi dönsku. Hafdís Einarsdóttir kenndi íslensku. Nánast allir leiðbeinendur voru með kennsluréttindi. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré

Haustið 2020 hóf nýr hópur nám á **leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré**. Ellefu konur hófu námið. Vorið 2021 fóru þær í raunfærnimat hjá Farskólanum.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréin var samstarfsverkefni Farskólans og SÍMEY, símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Kennt var í gegnum Zoom. Sú breyting varð á að nemendur stunduðu nám sitt að heiman vegna Covid í stað þess að mæta í námsverin. Leiðbeinendur komu flestir frá Akureyri. Leiðbeinendur voru: Kristín Elva Viðarsdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir, Hannesína Scheving, Sandra Hilmarsdóttir og Anna Lilja Sævarsdóttir. Jóhann Ingólfsson tók við verkefnastjórn af Söndru Hilmarsdóttur í nóvemberlok.

Grunnmennt I

Námskráin **Grunnmennt** lýsir námi á fyrsta þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er alls 500 klukkustunda vinnuframlag nemenda og jafngildir 24 framhaldsskólaeiningum. Mögulegt er að skipta námskránni í Grunnmennt I og Grunnmennt II, eins og lýst er í námskránni og gert var hjá Farskólanum.

Námið er fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu að baki. Markmið námsins er einkum að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms, byggja upp undirstöðu í námstækni, færniefningu, sjálfstyrkingu og samskiptum. Um leið og námið byggir upp haldgóða undirstöðu í kjarnagreinum (íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum) auk mikilvægra þátta fyrir daglegt líf og störf, svo sem samskipti og tölvu- og upplýsingatækni.

Haustið 2021 hófst námskeiðið Grunnmennt I með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þær námsgreinar sem ákveðið var að kenna voru: danska, enska, íslenska og stærðfræði eða samtals sjö áfangar. Áfangaeitin samsvöruðu áfangaeitum hjá FNV.

Gísli Árnason, framhaldsskólakennari hefur kennt stærðfræði hjá Farskólanum undanfarin ár

„Um nokkur undanfarin ár hef ég kennt stærðfræði við Farskólann. Nemendur Farskólans eru flestir komnir út á vinnumarkaðinn og taka því námið með fullri vinnu. Oftar en ekki er verið að ljúka áföngum, sem hluta af réttindanámi ýmiskonar eða einfaldlega sem viðbótarmenntun.

Stærðfræði hefur löngum verið talin erfið og tyrfin, sem engin leið er að ná tökum á. Mín reynsla er sú að nemendur okkar, sem ætla að klára stærðfræðina sem þeir þurfa, gera það með sóma. Þeir hafa jafnvel gaman af þessari glímu undir lokin, þegar þeim verður ljóst, að þetta er ekki svo mikið mál. Oft hefur komið til tals, hvort unnt sé að bæta við áfanga í stærðfræðinni, sem vitnar ágætlega um að nemendur hafi náð tökum á efninu. Hér er það hugarfarið sem skiptir svo miklu máli, eins og í öðru sem fólk tekur sér fyrir hendur“.



Fjórtán þátttakendur skráðu sg til leiks. Fjórir sögðu sig fljótlega úr náminu. Þeir tíu sem eftir stóðu voru ekki allir í fullu námi þar sem sumir höfðu áður lokið einhverjum námsþáttum sem þeir fengu metna inn í námið. Leiðbeinendur voru: Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, sem kenndi meðal annars námstækni. Eva Óskarsdóttir, sem kenndi ensku, Gísli Árnason, sem kenndi stærðfræði, Ágúst Ingi Ágústsson, sem kenndi dönsku og Hafdís Einarsdóttir sem kenndi íslensku. Gert er ráð fyrir að þátttakendur útskrifist í maí 2022. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

Skref til sjálfshjálpar – vottuð námsleið FA

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íslenskunámskeiðum voruð 2021 kláraðist fjármagnið frá Rannís strax á vorönn. Haustið 2021, áður en aukastyrkur fékkst frá Rannís, var ákveðið að bjóða útlendingum í íslenskunámi upp á námsleiðirnar „Skref til sjálfshjálpar“.

Námsleiðirnar eru 40 klukkustunda nám á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til tveggja framhaldsskólaeininga. Námið er ætlað einstaklingum með lestrar- og skriftarörðugleika með það að markmiði að auka færni þeirra í lestri og ritun.

Námskeiðin voru haldin á Hvammstanga og Sauðárkróki. Leiðbeinendur voru; Sigrún Þórisdóttir á Hvammstanga og Sara Níelsdóttir og Davíð Jóhannesson á Sauðárkróki. Leiðbeinendur aðlöguðu íslenskunámsefnið að námskránni. Verkefnastjóri var: Jóhann Ingólfsson.



Frá útskrift úr íslenskukennslu á Sauðárkróki haustið 2021. Á myndina vantar nokkra nemendur. Davíð Jóhannesson, lengst til vinstri. Ljósmynd: Farskólinn

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Matarhandverk - námskeiðsröð fyrir bændur

Árið 2021 hélt Farskólinn áfram að skipuleggja námskeið tengd matarhandverki fyrir bændur og aðra áhugasama á Norðurlandi vestra. Öll verklegu námskeiðin voru haldin í vottaðri Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. Eins og árið á undan setti Covid mark sitt á námskeiðahaldið.

<p>Úrbeining á folaldi</p> <p>HVAR/HVENÆR: Í vörusmiðju BioPol á Skagaströnd, kl. 9-17 VERÐ: 45.900 kr.</p> <p>LYSING: Hver þátttakandi fær hálftan folaldsskrokk og úrbeinar hann undir leiðsögn. Syndar verða mismunandi leiðir á frágangi og fullvinnslu afurða. Þátttakendur fá að eiga sinn hálfta skrokk og taka með sér heim.</p> <p>FJÖLDI: 6 þátttakendur.</p> <p>NÁMSKEIÐ 1: 26. nóv. Leiðbeinandi: Sigríður Halldórsdóttir.</p> <p>NÁMSKEIÐ 2: 27. nóv. Leiðbeinandi: Páll Friðriksson.</p> 	<p>Hrossakjöt – matur fyrir konunga</p> <p>LEIÐBEINANDUR: Þórhildur Jónsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir.</p> <p>HVAR/HVENÆR: Í vörusmiðju BioPol 14. janúar, kl. 09:00 - 17:00. VERÐ: 15.900 kr.</p> <p>LYSING: Á þessu námskeiði verður farið yfir mögulega nýtingu á þessu odyra og varmetna hráefni. Saltað, royk, sporðlar, bjúgu, grafið og dyrdís stökur er það sem m.a. verður farið yfir.</p> <p>FJÖLDI: 8 þátttakendur.</p> <p>TIL ATHUGUNAR: Þátttakendur taka eigin afurðir með sér heim.</p> 
<p>Pate- og kæfugerð</p> <p>LEIÐBEINANDI: Þórhildur M. Jónsdóttir</p> <p>HVAR/HVENÆR: Í vörusmiðju BioPol á Skagastr., 28. nóv. kl. 10-18 VERÐ: 17.900 kr.</p> <p>LYSING: Þátttakendur læra að búa til hinar ýmsu gerðir af pate og kæfurum, bæði úr lifur og kjöti. Þátttakendur taka afurðir námskeiðsins með sér heim að því loknu.</p> <p>FJÖLDI: 6 þátttakendur.</p> 	<p>Ostagerð (2 dagar)</p> <p>LEIÐBEINANDI: Guðri Hanne Guðmundsson, mjólkurfræðingur</p> <p>HVAR/HVENÆR: Í vörusmiðju BioPol á Skagaströnd 15. og 16. janúar, kl. 9:00 - 17:00 hvorn dag VERÐ: 43.800 kr.</p> <p>LYSING: Á námskeiðinu verður að farið í verklegan hluta ostagerðar og hentið á það bæði byrjendum jafnt þeim sem hafa sött ostanámskeið áður. Til ostagerðarinnar verða notaðir lílandi geitar og geitir er það fyrir því að þátttakendur fari með ost heim eftir báða dagana. Einnig verður sýnikennsla á því hvernig gera má skyr, kennt hvernig hægt er að tofra fram ljúffengar ostarullur gerðar úr tilbúnum hráefnum, búið til ostasnák, karamella úr ostamyxunni og reynslusögum miðlað til þátttakenda.</p> <p>FJÖLDI: 8 þátttakendur.</p> <p>TIL ATHUGUNAR: Þátttakendur taka sínar eigin afurðir með heim.</p> 
<p>Pylsur, pulsar, pølser</p> <p>LEIÐBEINANDI: Sigríður Halldórsdóttir</p> <p>HVAR/HVENÆR: Í vörusmiðju BioPol á Skagastr., 4. des. kl. 9-17 VERÐ: 22.900 kr.</p> <p>LYSING: Á þessu námskeiði læra þátttakendur að búa til nokkrar mismunandi pylsugerðir, allt frá hand-</p> 	

Skjáskot úr Námsvísi Farskólans haustið 2021 þar sem námskeið fyrir bændur voru meðal annars auglýst.

Bændur hafa verið duglegir að sækja námskeið Farskólans þegar kemur að matarhandverki. Sjálfir eru þeir duglegir að koma með námskeiðshugmyndir til verkefnastjóra sem hann reynir að framkvæma. Sem dæmi um námskeið í matarhandverki má nefna: „Ostagerð“, „að þurrka og grafa“, „heitreyking á fiski og kjöti“, „súrmatur“, „paté- og kæfugerð“ og fleira.



Frá námskeiðinu „Að þurrka og grafa“. Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari, lengst til vinstri. Ljósmynd: Farskólinn.

Þar sem hér er um verkleg námskeið að ræða eru þátttakendur fáir á hverju námskeiði eða sex til átta. Allir taka til hendinni og í lok námskeiðs taka þátttakendur afrakstur námskeiðsins með sér heim.

Öll námskeið fyrir bændur voru styrkt af SSNV – samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Félagsmenn í Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt niðurgreiddu fyrir sína félagsmenn myndarlega.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlun – sveitarfélög

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélagsins Skagafjarðar. Vegna Covid var nokkrum námskeiðum frestað eða þau felld niður. Mest áhersla var lögð á skyndihjálp og þá inni á vinnustöðum eins og leikskólum. Haldin voru nokkur skyndihjálparnámskeið ásamt námskeiðum í Outlook og líkamsbeitingu. Á Hvammstanga var haldið námskeið í ræstingum fyrir starfsfólk í íþróttamannvirkjum og skólum.


Fræðsluáætlun - HSN

Samstarfshópur þriggja fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Norðurlandi halda utan um skipulag og framkvæmd námskeiða fyrir starfsfólk HSN – heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Hópin skipa: Halldór B. Gunnlaugsson, frá Farskólanum, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir frá SÍMEY og Helena Eydís Ingólfsdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga. Sem dæmi um um námskeið sem haldin voru má nefna: „Áhrif Alzheimer á aðstandendur“, „Eflum þrautseigju“, „Jákvæð samskipti“, „Forgangsakstur“, „Lyfjameðferð aldraðra“, „Sálræn áföll“, „Samskipti við erfiða einstaklinga“ og fleira.

Samstarfshópurinn vann mikla greiningarvinnu á árinu sem skilaði nýrri fræðsluáætlun til næstu þriggja ára hjá HSN. Halldór B. Gunnlaugsson sá meðal annars um að setja fræðsluáætlunina saman. Verkefnastjóri fræðsluáætlana hjá sveitarfélögum og stofnunum var Halldór B. Gunnlaugsson.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Árið 2021 voru haldin átta íslenskunámskeið (styrkir frá Rannís) fyrir útlendinga á Norðurlandi vestra. Farskólinn fékk styrk við upphaf ársins frá Rannís til að halda sex námskeið á árinu og kláraðist styrkveitingin þegar á vorönninni. Við upphaf haustannar var ákveðið að bjóða upp á þrjár vottaðar námsleiðir FA; „Skref til sjálfshjálpar“ sem yrðu ætlaðar útlendingum. Eftir að þau námskeið voru hafin auglýsti Rannís aukaúthlutun vegna íslenskukennslu og fékk Farskólinn úthlutað fjórum styrkjum og voru tveir þeirra nýttir á haustönninni. Það má því segja að árið 2021 hafi verið haldin **11 námskeið** í íslensku fyrir útlendinga á Norðurlandi vestra. Sjá mynd 13 um fjölda námskeiða í íslensku undanfarin 6 ár.



Mynd 13. Myndin sýnir fjölda íslenskunámskeiða og fjölda þátttakenda frá árinu 2016.

Styrkur Rannís (Mennta- og menningarmálaráðuneytið) vegna námskeiðanna sex nam 2.100.000 kr eða sem nam 350.000 kr á hvert námskeið. Aukaúthlutunin var 700.000 kr vegna haustannarinnar. Auk þess kom framlag með þremur námsleiðum FA.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: „Íslenska fyrir alla“, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess studdust leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu. Farskólinn á gott safn af ítarefni fyrir íslenskukennsluna í formi spila og leikja. Bæði á Blönduósi og Sauðárkróki var sérstök áhersla lögð á að ná til Pólverja sem hafa fest rætur á Norðurlandi vestra og stunduðu tveir hópar Pólverja íslenskunám á vorönn.

Jóhann Ingólfsson hefur skipulagt íslenskunámskeið undanfarin ár

„Það lítur út fyrir að áhugi á íslenskunámi sé að aukast hjá erlendum íbúum á Norðurlandi vestra, því á árinu 2021 héldum við 11 íslenskunámskeið. Samtals luku 93 útlendingar íslenskunámskeiðun á árinu. Það voru sex kennarar sem kenndu fyrir okkur og hafa þeir allir kennt lengi og eru hoknir af reynslu. Við horfum með hjartsýni til framtíðar með aukinn áhuga innfluttra íbúa á okkar svæði á íslenskunámi og viljum helst getað bætt enn í en oftast strandar framkvæmdin á því að styrkir til verkefnisins eru of fáir“.



Leiðbeinendur íslenskunámskeiðanna voru: Sara Níelsdóttir, Anja Szafraniec og Davíð Jóhannesson á Sauðárkróki, Lee Ann Maginnis og Hörður Ríkharðsson á Blönduósi og Sigrún Þórisdóttir á Hvammstanga. Nær allir leiðbeinendur eru með kennsluréttindi og áralanga reynslu af kennslu. Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

Lee Ann Maginnis hefur bæst í frábæran hóp íslenskukennara hjá Farskólanum og kennir nýbúum íslensku á Blönduósi

„Þegar ég hóf kennslu í íslensku árið 2020 voru einungis arabískumælandi nemendur á námskeiðinu. Þá reyndi mikið á gagnkvæman skilning kennara og nemenda með aðstoð teikninga, handahreyfinga og handabendinga til að komast að niðurstöðu. Nú hefur nemendahópurinn tekið breytingum og fleiri nemendur með önnur tungumál sótt námskeiðin. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með því hvernig nemendur vinna saman að verkefnum þrátt fyrir að hafa einungis íslenskuna að vopni til að gera sig skiljanlega hver fyrir öðrum. Það hefur myndast mikil samheldni í hópnum og í lok námskeiðsins vorið 2021 ákváðum við að slíta námskeiðinu með matarboði, þar sem hver og einn nemandi kom með rétt frá sínu landi. Það var mjög skemmtileg kvöldstund og nú taka nemendur ekki annað í mál en að slíta námskeiðum með matarboði“.



FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Árið 2021 fékk Farskólinn vilyrði fyrir styrk frá Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra upp á 2.700.000 kr. Inni í þeirri tölu var aukaframlag frá Fjölmennt upp á 700 þúsund krónur sem veitt var vegna Covid. Fatlaðir einstaklingar voru mjög viðkvæmur hópur á tímum Covid og meðal annars þess vegna urðu námskeiðin færri en gert var ráð fyrir í starfsáætlun.

Verkefnastjóri fór ásamt ráðgjafa Farskólans um Norðurland vestra til að kynna fræðsluverkefnið og samstarfið við Fjölmennt. Þrátt fyrir það voru námskeið eingöngu haldin í Skagafirði.

Á vorönn var haldið smíðanámskeið. Leiðbeinandi var Óskar Atlason, framhaldsskólakennari.

Á haustönn var sett saman smíðja sem byggði á námskránni „Líf og heilsa“ og var hún 117 kennslustundir að lengd. Fljótlega eftir að smíðjan hófst var hún endurskoðuð frá grunni og meiri áhersla lögð á verklegar greinar. Viðfangsefni smíðjunnar voru FabLab, hreyfing, jóga, hollt mataræði og myndlist. Leiðbeinendur voru: Guðrún Tryggvadóttir, Sandra Hilmarsdóttir, Karitas Björnsdóttir, Sigþrúður Harðardóttir og Bryndís Þráinsdóttir.



Guðrún Anna Númadóttir málar með akríl á striga. Ljósmynd Farskólinn.

Auk þess var á haustönn haldið sundnámskeið sem Karl Lúðvíksson kenndi og Jólanámskeið sem Ásta Búadóttir kenndi, en á því námskeiði var bæði fönðrað og bakað.

Verkefnastjóri námskeiða fyrir fatlaða var Bryndís Þráinsdóttir.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Námskeið í samstarfi við stéttarfélagin

Árið 2021 voru haldin 18 (29 árið 2020) námskeið í samstarfi við stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, Sameyki og Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Eftir að Covid faraldurinn hófst ákváðu sjóðirnir að greiða námskeiðsgjöld fyrir sína félagsmenn. Námskeiðin voru fjölbreytt að efni og vel sótt. Meðal námskeiða voru: „Fjölæringar í blómabeðin“, „Heilaheilsa og þjálfun hugans“, „Jákvæð samskipti“ og „Fjármál við starfslok“, „Meðvirkni og áföll í uppveitinum“ og fl. Námskeiðin voru vel auglýst um allt Norðurland vestra.

Námskeiðin voru öll vefnámskeið og kennt var í gegnum Zoom. Farskólinn lagði áherslu á að gæði námskeiðanna væru sem best og kom sú áhersla fram í því að það var alltaf tækniamaður til staðar á meðan á námskeiðunum/fyrirlestrunum stóð. Í upphafi allra fyrirlestra fengu þátttakendur nokkur heilræði varðandi notkun á Zoom, eins og að athuga með hljóð og myndavél. Að lokum má nefna að takmarkaður aðgangur var að öllum námskeiðunum og var það gert til að hægt væri að bjóða upp á spurningar og umræður.

Verkefnastjóri var Halldór Gunnlaugsson.

Halldór B. Gunnlaugsson skipulagði og hafði umsjón með fræðsluáætlunum fyrirtækja og stofnana árið 2021

„Þegar litið er um öxl til síðustu tveggja ára, þá er margt sem rennur í gegnum hugann. Þetta hafa verið afar krefjandi ár svo ekki sé meira sagt og í raun ekki hægt að koma því almennilega í orð með góðu móti. Ég er þeirrar skoðunnar að við eigum mörg eftir að horfa til baka með ákveðnum söknuði til þessa tíma, eins skrátið og það er. Ekki misskilja mig, margt má fara og aldrei koma aftur, en margt hefur verið lærdómsríkt og dýrmætt og ég og fleiri munum koma til með að sakna nú þegar öll hjól eru farin að snúast nokkurn veginn eins og þau gerðu áður. Ég er viss um að ef fólk staldrar við og veltir þessu fyrir sér þá finni mjög margir eitthvað jákvætt í bland við allt það neikvæða. Tengt starfi mínu sem verkefnastjóri í Farskólanum þá er það sem stendur uppúr hversu lærdómsríkt þessi tími hefur verið og ég held að ég hafi aldrei þurft að læra og tileinka mér jafn mikið af nýrri þekkingu og hæfni á jafn skömmum tíma og fyrir það er ég þakklátur. Hafandi setið námskeið um allt milli himins og jarðar með hundruðum manna allstaðar af landinu; á öllum aldri og með mis mikinn tæknilegan bakgrunn, þá veit ég að það á við miklu fleiri en mig. Þannig að takk fyrir sparkið og nú getur fólk komið saman á námskeið aftur, ekki af því að það þarf þess (því tæknikunnáttan er til staðar) heldur af því að það langar til þess“.



Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ársins 2021 í náms- og starfsráðgjöf náðust. Farskólinn fékk úthlutað **3.801.000 kr.** (3.830.000 kr. árið 2020) frá Fræðslusjóði til ráðgjafarinnar. Framkvæmt var fyrir 3.788.900 kr. Auk þess fékkst vilyrði fyrir akstursstyrk upp á 150.000 kr. Vegna aðstæðna í samfélaginu varð minna um akstur en áætlað var. Farskólinn fékk 114.691 kr. endurgreiddar vegna aksturs. Sandra Hilmarsdóttir, sem gegnt hafði starfi ráðgjafa frá árinu 2015 sagði starfi sínu lausu frá og með 30. nóvember.

Árið 2021 voru ráðþegar **116** talsins. Tekin voru samtals **317** náms- og starfsráðgjafaviðtöl (279 árið 2020) hjá Farskólanum. Einstaklingar úr markhópi framhaldsfræðslunnar komu í 280 viðtöl eða 88%. Rafræn viðtöl voru 123 eða 39%. Viðtölin skiptust í nokkra flokka: Sjá töflu 4:


Tafla 4. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2021 hjá Farskólanum.

Tegundir viðtala	Fjöldi	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	62	53	9
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	144	134	10
Hvatningarviðtal	1	1	0
Hópráðgjöf	110	92	18

Tölfræði vegna 2021

Í þau 317 viðtöl sem tekin voru komu 76 konur og 40 karlar. Konur voru því 66% af ráðþegum. Meðalaldur þeirra sem komu í viðtöl var 34 ár. Sá elsti var 62 ára og sá yngsti var 19 ára. Flestir voru 26 ára þegar þeir komu í viðtal og miðgildi aldurs var 31 ár.


Af þeim einstaklingum sem komu í viðtöl árið 2021 voru 16 í leit að starfi. Þeir einstaklingar sem voru í starfi voru 61 eða 52%. Sjá nánar á mynd 14.



Mynd 14. Myndin sýnir stöðu ráðþega þegar þeir komu í viðtal til ráðgjafa árið 2021.


Þegar menntun einstaklinganna sem komu í ráðgjöf var skoðuð kom í ljós að 19 höfðu einungis lokið grunnskóla eða 16%. Þeir sem höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því voru 63 eða 53%. Þau sem tilheyrðu markhópnum voru því samtals 71% af hópnum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

reiknar út að markhópurinn hafi verið 88% en þá eru útreikningar miðaðir við fjölda viðtalanna. Sjá mynd 15.




Mynd 15. Myndin sýnir menntunarskili 116 ráðþega árið 2021.

Þeir sem komu í náms- og starfsráðgjöf árið 2021 komu, eins og árið á undan, frá tveimur þéttbýlisstöðum; Hvammstanga og Sauðárkróki. Á Hvammstanga voru tekin 16 viðtöl og á Sauðárkróki 299. Sjá mynd 16.




Mynd 16. Myndin sýnir búsetu þeirra sem komu í ráðgjöf árið 2021. Ljósbláa súlan sýnir tölur frá 2020.

Hvers vegna kom fólk í ráðgjafaviðtal? Þegar ástæður fyrir komu í viðtöl árið 2021 er skoðaðar kemur í ljós að langflest viðtalanna eru í tengslum við raunfærnimat. Einungis 6 viðtöl voru tekin eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun. Sjá mynd 17.



Mynd 17. Myndin sýnir helstu ástæður fyrir komu í viðtöl til ráðgjafa árið 2021.

Í þau 317 ráðgjafaviðtöl sem skráð voru í Farskólanum komu 116 ráðþegar. Eins og mynd 18 sýnir fóru margir einstaklingar í fleiri en eitt viðtal. Tveir fóru í 10 viðtöl. Sjá nánar á mynd 18.



Mynd 18. Myndin sýnir hversu margir ráðþegar fóru í eitt viðtal eða fleiri.

Niðurstöður úr náms- og starfsráðgjafarviðtölum eru helstar: áhugasviðsgreining, ferilmöppugerð (CV), sjálfsstyrking, námstækni og upplýsingar um formlegt nám.

Það er ljóst að það er verk að vinna hjá Farskólanum, eftir að Covid lýkur, að ná til breiðari hóps á Norðurlandi vestra þegar kemur að náms- og starfsráðgjöf. Tölurnar sýna það skýrt.

Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um nokkur verkefni í raunfærnimati árið 2021. Samningurinn hljóðaði upp á **3.002.500 kr** (3.802.000 kr árið 2020). Snemma haustið 2021 sótti Farskólinn um að fá að færa eina milljón króna úr raunfærnimatspottinum yfir í pottinn fyrir vottaðar námsleiðir. Rökin fyrir þessu voru hin mikla eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum, en styrkur til íslenskunnar kláraðist vorið 2021. Því má segja að styrkurinn vegna raunfærnimatsverkefna hafi á endanum verið **2.002.500 kr**. Við lok ársins var búið að vinna fyrir um það bil 730.000 kr og því á eftir að vinna fyrir 1.272.500 kr. Þessar tölur geta breyst. Í júnílok 2022 verður ljóst hvort markmið ársins 2021 náðust, þar sem Farskólinn hefur 18 mánuði til að ljúka raunfærnimatsverkefnum hvers árs. Ef markmið nást ekki endurgreiðir Farskólinn mismuninn til Fræðslusjóðs. Sjá töflu 5.

Tafla 5. Taflan sýnir verkefni í raunfærnimati árið 2021 samkv. umsókn og fjármagn til hvers verkefnis.

Grein	Fjármagn til verkefnis
Samstarf við Símenntun um Búfræði	237.500 kr
Samstarf Iðan	335.000 kr
Almenn starfshæfni	1.490.000 kr
Ferðapjónn (ekki á dagskrá)	940.000 kr

„Í þér býr kannski meira en þig grunar“ - Freyja Rós Ásdísardóttir fór í raunfærnimat í almennri starfshæfni í desember 2021

„Sem fyrrum nemanda Farskólans var mér boðið að taka þátt í raunfærnimati í almennri starfshæfni. Raunfærnimatið er góð viðbót við annað nám þar sem hægt er að meta hæfni hvers og eins án þess að horfa bara á fyrra skólanám. Ég fyllti út spurningalista og fór síðan í viðtal, sem í anda Covid var rafrænt. Verkefnið var skemmtilegt og eins viðmælandinn. Í kjölfar matsins fékk ég skírteini með mati matsaðila og hæfnikorti. Þetta skjal er hægt að senda með ferilskránni, þegar sótt er um vinnu, því oft á tíðum horfa vinnuveitendur líka á þessa hæfniþætti þegar þeir lesa umsóknir. Ég er þakklát Farskólanum fyrir að bjóða upp á raunfærnimat í almennri starfshæfni. Þetta er nauðsynleg viðbót fyrir marga, ef ekki alla, sem sjá þá að í þér býr kannski meira en þig grunar“.



Með því að færa fé úr raunfærnimatspottinum yfir í námsleiðir varð ljóst að verkefnum tengd ferðabjóni yrðu ekki á dagskrá árið 2021. Í töflu 6 má sjá hvaða greinar voru til mats og hversu margar einingar voru metnar árið 2021.

Tafla 6. Taflan sýnir raunfærnimatsverkefni árið 2021.

Grein	Hvenær	Fjöldi	Konur	Karlar	Einingar
Félagsliðabraut	Vor 2021 (vegna 2020)	3	2	1	195
Leikskólaliðabraut	Vor 2021 (vegna 2020)	9	8	1	585
Stuðningsfulltrúabraut	Vor 2021 (vegna 2020)	1	1		60
Iðngreinar, samst. Iðan	2021	6	2	4	501
Búfræði, samst. Símenntun	2021	2	1	1	37
Almenn starfshæfni	2021	4	4		
Samtals einingar					1378

Sandra Hilmarsdóttir hafði umsjón með raunfærnimatsverkefnum árið 2021 og Jóhann Ingólfsson tók við verkefninu í desember.



Útskrift úr raunfærnimati í Leik- og stuð vorið 2021. Ljósmynd: Farskólimn.

Háskólanám

Frá árinu 2002 hefur Farskólinn veitt háskólum á Íslandi þjónustu í formi aðstöðu fyrir fjarnemendur til náms og prófatöku. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til að stunda nám sitt, ef þeir kjósa svo og þar geta þeir tekið sín próf. Sjá nánar í töflu 7.

Tafla 7. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og nöfn tengiliða.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Skagaströnd	Ólafur Bernóðusson	Einbúastígur 2
Sauðárkrókur	Jóhann Ingólfsson og fl.	Við Faxatorg


Sveitarfélögin taka þátt í samstarfi um að bjóða háskólanemum upp á þjónustu og sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna en Farskólinn hefur séð um tækjakaup. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi en það er til húsa í Kvennaskólanum. Háskólanemar fá lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring.

Flestir háskólanemar í fjarnámi búa í Skagafirði. Árið 2021 voru tekin samtals 258 háskólapróf (178 háskólapróf árið 2020) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð voru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu og fjölgaði þeim mjög á árinu vegna Covid. Háskólaprófum fjölgaði um 45% frá árinu á undan. Sjá nánar um háskólaprófin í töflu 8.

Tafla 8. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2021. Í svigum eru tölur frá 2020.

Heildarfjöldi háskólaprófa á Norðurlandi vestra 2021					
Háskólar	Sauðárkrókur	Blönduós	Hvammstangi	Skagaströnd	Samtals
HA	145 (82)	22 (9)	23 (8)	3 (6)	193 (105)
HÍ	27 (23)	0 (0)	7 (4)	4 (1)	38 (28)
HR	1 (1)	0 (1)	0 (0)	0	1 (2)
Bifröst	1 (3)	0 (0)	1 (1)	1 (1)	3 (5)
LBHÍ	1 (19)	1 (3)	7 (6)	5 (2)	14 (30)
Keilir	0 (7)	0 (0)	0 (0)		0 (7)
Hólar	0 (1)	0	0		0 (1)
Endurmenntun HÍ	9				9
Samtals	184 (136)	23 (13)	38 (19)	13 (10)	258 (178)

Frá miðjum apríl og fram til loka maí og frá miðjum nóvember til miðs desember ár hvert koma háskólanemar í námsverin og taka sín próf. Þeir sem ekki teljast fjarnemar þurfa samþykki frá sínum skóla til að taka prófin á heimaslóðum og greiða þeir ekkert gjald fyrir þá þjónustu. Gert er ráð fyrir að gjald verði tekið upp fyrir prófatök frá haustinu 2022. Áhrifa Covid hefur gætt varðandi prófatökur eins og glögg mál sjá á mynd 19.



Mynd 19. Myndin sýnir heildarfjölda skráðra prófa frá árinu 2017 á Norðurlandi vestra.

Hjá Farskólanum hefur Jóhann Ingólfsson haft umsjón með prófatökum og er hann aðal tengiliður við háskólana vegna fjarnáms háskólanema. Miklar breytingar urðu á framkvæmd prófanna árið 2020 vegna heimaprófa. Rafrænum prófum í námsverum fjölgaði einnig mikið. Þrátt fyrir það þarf að skipuleggja yfirsetu. Ef próf eru tekin á gamla mótun; á pappír, þarf að sækja prófin inn á örugg rafræn svæði háskólanna, prenta þau út og leggja fyrir nemendur. Að loknum prófum eru úrlausnir skannaðar inn til tímabundinnar varðveislu og síðan eru þær sendar með landpósti til viðkomandi skóla. Ef háskólanemendur taka próf í tölvunni sinni, en í námsveri, er stuðst við forritið Inspira við prófatökuna. Nemendur sjá sjálfir um að koma forritinu fyrir í sínum tölvum. Yfirsetumaður tekur manntal og þarf síðan að fylgjast með þegar háskólanemi skráir sig úr prófinu.

Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Þróunarstyrkir 2021

Erasmus+

Farskólinn sótti um styrk til til Rannís í flokkinn Erasmus+; nám og þjálfun, í febrúar 2020. Verkefnið kallast „Sí- og endurmenntun bænda á Íslandi“ og fékk verkefnið styrk til að heimasækja skólann Eldrimner (<https://www.eldrimner.com/>) í Svíþjóð. Eldrimner er eins konar miðstöð matarhandverks í Svíþjóð. Skólinn miðlar þekkingu og veitir þeim sem vinna við matarhandverk stuðning, meðal annars í formi fræðslu.

Í mati dómnefndar um umsóknina segir meðal annars: „Góð umsókn sem fellur vel að markmiðum Erasmus+ áætlunarinnar og fullorðinsfræðsluhluta hennar ásamt því að falla vel að markmiðum og stefnu umsækjanda. Verkefnið er einfalt og þarfnast ekki mikils skipulags, en umsóknin hefði þó mátt gera ítarlegri grein fyrir öllum þáttum, undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni ... Áhrif verkefnisins er líkleg til að verða talsverð og jákvæð, bæði fyrir umsækjanda og þátttakendur, en einnig víðar í gegnum kennslu og yfirfærslu á þeirri þekkingu sem er sótt. Umsóknin bætir getu og hæfni þátttakenda og umsækjanda og eykur alþjóðasamstarf á vegum fullorðinsfræðslu“.

Styrkupphæð nam 9.320 evrum og gert var ráð fyrir að fimm einstaklingar færu í heimsókn til Eldrimner; fulltrúar Farskólans og bænda. Það er skemmst frá því að segja að vegna heimsfaraldursins seinkaði ferðinni, sem verður farin í lok maí 2022.

Verkefnastjóri er Halldór B. Gunnlaugsson.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar

Farskólinn sótti um styrk í Þróunarsjóð vegna verkefnis sem kallast „Fjölbreyttari landbúnaður“. Styrkur að upphæð 3.300.000 kr fékkst til verkefnisins. Markmið verkefnisins er, samkvæmt umsókn: „að styðja við bændur og smáframleiðendur sem hafa vilja og þor til þess að stíga út á ótroðnar slóðir og vilja skapa sér aukin tækifæri til þess að hafa lífsviðurværi sitt af búum sínum“. Hugmyndin kemur í kjölfar Matarsmiðjunnar – Beint frá býli en bændur hafa verið duglegir að setja fram hvaða fræðslu þeir þurfa á að halda til að geta haldið áfram að þróa sig sem smáframleiðendur á Norðurlandi vestra.

Vinna við verkefnið skiptist í sjö þrep, samkvæmt umsókn. Verkefnið felur í sér: námskrárskrif, kynningu á námskrá, auglýsingu, tilraunakennslu námskrárinnar, úrvinnslu verkefnis, skýrsluskrif og lokafrágang námskrár til útgáfu og vottunar.

Ekki tókst að ljúka þessu verkefni árið 2021 en stefnt er að því að ljúka því árið 2022.

Verkefnastjóri er Halldór B. Gunnlaugsson.

Gæðastarf og viðurkenning

EQM+

Farskólinn fékk fyrst formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Myndin sýnir viðurkenningu EQM sem veitt var 2020. Ljósmynd Farskólinn.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett fram viðbót við vottunarmerkið EQM og bætt við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Gæðavottunin heitir nú EQM+. Árið 2020 var farið í gegnum alla gæðavísu EQM+. Vinna við að endurskoða gæðahandbók hófst einnig.

Í janúar 2020 kom matsaðili til Farskólans og tók út starfsemi skólans. Í kjölfar gæðaúttektarinnar fékk Farskólinn nýja viðurkenningu frá FA til næstu þriggja ára eða til 2023. Ný gæðaúttekt fer fram í Farskólanum haustið 2022.

Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára

Menntamálastofnun veitti Farskólanum vottun sem viðurkenndur fræðsluaðili við lok vorannar 2020 til næstu þriggja ára. Nokkur gagnavinna lá til grundvallar viðurkenningunni og meðal annars þurfti að afla vottorða frá Brunvörnum á Norðurlandi vestra og Heilbrigðiseftirlitinu vegna námsveranna ásamt því að fá formlegt starfsleyfi fyrir skólann sjálfan.



MENNTAMÁLASTOFNUN

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Faxatorgi
550 Sauðárkróki

Kópavogi, 28. maí 2020
Tilvísun: 2020-7550

Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til þriggja ára

Visað er til umsóknar Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra sem dagsett er 11. maí 2020 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stöð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirælli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, kt: 460993-2379, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnæði Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra eins og því er lýst í umsókninni.




Arnór Guðmundsson, forstjóri

Myndin sýnir viðurkenningu undirritaða af Arnóri Guðmundssyni, forstjóra MMS.

Starfsleyfi

Farskólinn sótti um formlegt starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra árið 2020 og fékkst leyfið í mars sama ár og gildir til næstu 12 ára. Slíkt leyfi var ekki til staðar í Farskólanum. Sjá mynd.



Ljósmynd af starfsleyfi Farskólans til næstu 12 ára.

Samstarf og önnur verkefni

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Farskólinn var með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstraframlags á fjárlögum. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Viðaukar við samninginn voru gerðir árin á eftir og síðast 6. október 2021.

Frá stofnun fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna hafa þær heyrð undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en árið 2021 voru gerðar stjórnarsýslubreytingar. Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar er meðal annars talað um að efla sí- og endurmenntun og að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu. Allt gert til að tryggja „að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði“ (2021. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs).

Þær breytingar urðu einnig við stofnun nýrrar ríkisstjórnar að framhaldsfræðslan var flutt frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu yfir í nýtt félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Á hverju hausti undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri Farskólans fundað með ráðuneytinu um ársreikning og ársskýrslu. Til slíkra funda var ekki boðað haustin 2020 og 2021.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja eigenda í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Helsta hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Sjá: <https://frae.is/um-fa/>.

Á hverju ári gerir FA, fyrir hönd Fræðslusjóðs, samning við Farskólann um kennslu námskráa, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Frá þessum verkefnum hefur þegar verið greint. Auk þess fundar FA reglulega með fræðslu- og símenntunarmiðstöðvun innan Kvasis.

Stjórn Fræðslusjóðs heimilaði að færa mætti fé „á milli potta“ árin 2020 og 2021. Sem dæmi að færa mætti hluta af fé sem var úthlutað til raunfærnimats yfir í pottinn fyrir vottaðar námsleiðir. Á haustönn 2021 nýtti Farskólinn sér þessa leið og flutti eina milljón frá raunfærnimati yfir í vottaðar námsleiðir, eins og komið hefur fram.

Ársskýrslu Fræðslusjóðs má skoða á: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfssvæði SSNV afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, allt frá Almenningsnöf í austri að Stíkuhálsi milli Bitru og Hrútafjarðar í vestri og eru öll sveitarfélög á svæðinu aðilar að samtökunum. Þeir málaflokkar sem SSNV kemur að eru margir; meðal annars menntamál. Eitt af markmiðum SSNV er að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Sjá nánar: <https://www.ssnv.is/is/um-ssnv>.

SSNV hefur stutt dyggilega við bakið á mörgum verkefnum Farskólans í gegnum tíðina bæði með fjárstyrkjum og eins með því að veita Farskólanum sérfræðiráðgjöf.

Árið 2019 styrkti SSNV matarsmiðjuna – Beint frá býli en sú smiðja var haldin í Húnavatnssýslum. Í kjölfarið hefur SSNV árlega lagt fram styrki til námskeiða í matarhandverki fyrir bændur enda hafa námskeiðin fallið vel inn í áhersluverkefni SSNV undanfarin ár. Það er ljóst að erfitt hefði verið að halda námskeiðin ef ekki hefði komið til styrkur frá SSNV. Framkvæmdastjóri SSNV er Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Vörusmiðja – Biopol

Vörusmiðja – Biopol á Skagaströnd var stofnuð í september 2017. Vörusmiðjan er með vinnsluleyfi frá Matvælastofnun og framleiðendur og frumkvöðlar eru velkomnir í smiðjuna til að þróa og framleiða sínar vörur. Verkefni námskeið sem Farskólinn skipuleggur fyrir bændur og aðra áhugasama um matarhandverk eru haldin í smiðjunni enda öll aðstaða eins og best verður á kosið. Verkefnastjóri í Vörusmiðjunni er Þórhildur M. Jónsdóttir en framkvæmdastjóri Biopol er Halldór G. Ólafsson.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra


Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við FNV þegar kemur að vottuðum námsleiðum, eins og Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum og nú síðast Grunnmennt. Í þessum námsleiðum er verið að kenna áfanga eins og ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku. Frá upphafi hefur Farskólinn stuðst við áfangalýsingar hjá FNV enda hefur stærsti hluti nemenda þessara námsleiða hjá Farskólanum einnig stundað helgarnám, til dæmis í húsasmíði, við FNV. Skólameistari og áfangastjóri hafa verið boðnir og búnir að veita ráð og aðstoða og kennarar í FNV hafa kennt þessar námsgreinar sem hér um ræðir. Skólameistari FNV er Ingileif Oddsdóttir.

Stéttarfélag – Landsmennt

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við stéttarfélagin Samstöðu, Ölduna, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Kjöl og Sameyki. Félagin hafa stutt vel við námskeiðahald fyrir sína félagsmenn og þá sérstaklega nú á tímum Covid. Það sama má segja um Landsmennt og Ríkismennt. Nánar er fjallað um samstarfsverkefnið í kaflanum um námið.

Kvasir

Farskólinn er aðili að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær nokkuð þétt net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum. Sjá kort.



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis og útstöðvar þeirra.

Markmið Kvasis eru meðal annars að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks.

Í stjórn Kvasis sitja: Sólveig Hildur Björnsdóttir, formaður, Inga Dóra Halldórsdóttir, ritari og Valgeir Magnússon, gjaldkeri. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu og oftast með aðstoð tækninnar.



Myndin er tekin í október 2021 þegar forstöðumenn fræðslu- og símenntunarmiðstöðva hittust eftir langt fundarhlé í raunheimum. Frá vinstri í efri röð: Valgeir Magnússon, SÍMEY, Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands, Inga Dóra Halldórsdóttir, Símenntun á Vesturlandi, Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mími símenntun, Guðrún Jónsdóttir, Austurbrú, Valgerður Guðjónsdóttir, Visku og Sædís Jónatansdóttir FRMST. Neðri röð frá vinstri: Bryndís Þráinsdóttir, Faraskólanum, Guðjónína Semundsdóttir, MSS og Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis. Ljósmynd: Faraskólinn.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn. Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Í stjórn Leiknar, starfsárið 2021 – 2022, sitja: Helgi Þorbjörn Svavarsson, formaður, frá SÍMEY, Eyrún Valsdóttir, ASÍ, Kjartan Jónsson frá Múltí kúltí, Vigdís Ásmundsdóttir frá Framvegis, gjaldkeri, Þór Pálsson frá Rafmennt og Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, ritari. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Vinnumálastofnun

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun. Á Norðurlandi vestra hefur hlutfallslegur fjöldi atvinnuleitenda verið hvað lægstur á Íslandi. Verkefni tengd atvinnuleitendum hafa því ekki verið mörg í gegnum tíðina.

Árið 2021 jókst samstarf VMST á Vesturlandi og VMST á Norðurlandi vestra og er sami forstöðumaður yfir báðum skrifstofum. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til aukins samstarfs á milli Farskólans og Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Sem dæmi má nefna námskeið í gerð ferilskrár sem Símenntun á Vesturlandi sá um í desember fyrir hönd Farskólans. Eftir fundi með Guðrúnu Gísladóttur, forstöðumanni haustið 2021, var ljóst að framundan væru nokkur verkefni í gerð ferilskrár og stöðumati í íslensku ásamt námskeiðahaldi. Þessi verkefni hafa gengið eftir.

Persónuverndarstefna

Árið 2018 hófst vinna við að móta nýja persónuverndarstefnu fyrir Farskólann. Í lok árs 2019 var ákveðið að fara í samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um verkefnið. Ný persónuverndarstefna var tekin í notkun í lok ársins 2019 og birt sem frétt á heimasíðu Farskólans í janúar 2020. Á fyrsta stjórnarfundum ársins 2021 var stefnan tekin til umfjöllunar og samþykkt. Haustið 2021 ákváðu nokkra fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar að standa saman að endurskoðun persónuverndarstefnunnar og hefst sú vinna um mitt ár 2022. Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson halda utan um verkefnið fyrir hönd Farskólans.

Húsnæði og búnaður

Vorið 2002 flutti Farskólinn skrifstofur sínar úr Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og í húsnæði í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar við Faxatorg á Sauðárkróki. Farskólinn leigir þrjár skrifstofur ásamt geymslu. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Námsverin á Norðurlandi vestra eru ágætlega búin tækjum og húsgögnum. Á Faxatorgi eru tveir stórir kennsluskjáiir ásamt fartölvum sem notaðar eru sem kennslubúnaður. Fartölvur eru einnig í öðrum námsverum til að styðja við kennslu og fundi ásamt skjáum. Þar geta fjarnemendur á háskólastigi og aðrir námsmenn fundið sér næði til að sækja kennslustundir, hlusta á fyrirlestra og taka próf. Ljósmyndir úr námsverunum má sjá á heimasíðu Farskólans.

FS net og kerfisleiga

FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin hluta kostnaðar við það samkvæmt samningi. Umsýsla í kringum FS netið er komin yfir til Menntamálastofnunar. Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri í Farskólanum, sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Menntamálastofnun í tengslum við FS netið.

Haustið 2015 gerði Farskólinn samning við Fjölnet ehf. á Sauðárkróki um Microsoft Office 365 skýjalausnir. Stjórnendagögn eru áfram vistuð í kerfisleigu hjá Fjölneti. Ný og uppfærð heimasíða Farskólans, www.farskolinn.is, var opnuð um mitt ár 2021 og hefur reynst vel. Heimasíðan er sett upp í WordPress. Áslaug Sóllilja Gísladóttir, tölvunarfræðingur, tók að sér að setja upp síðuna og komu starfsmenn Farskólans að hönnun hennar. Heimasíðan er vistuð hjá Sensa ehf.

Inna - skráningar

Haustið 2017 tók Farskólinn skráningar- og kennslukerfið Inna í notkun. Innleiðingin gekk hægt en örugglega og það fylgdi henni mikil vinna næstu misserin. Inna var tekin í notkun að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfsfólk Farskólans hefur setið námskeið í notkun Inna. Þjónustustjóri Farskólans, Gígja Símonardóttir, hafði umsjón með kerfinu ásamt því að sjá um að halda utan um allar skráningar vegna fræðsluverkefna.

Farskólinn skráir nú öll námskeið inn í Innuna. Einnig eru framhaldsskólaeiningar skráðar þangað inn. Það á við um einingar vegna „Náms og þjálfunar í almennum bóklegum greinum“ og brúarnámið svo dæmi séu tekin.

Ljóst er að það þarf að leggja áframhaldandi vinnu í að fara yfir skráningar í Inna til að tryggja að þær séu réttar og birtist réttar á island.is. Sú vinna er í skoðun.

Starfið framundan


Framhaldsfræðsla – Fræðslusjóður - markmið 2022

Haustið 2021 sótti Farskólinn um fjármagn til Fræðslusjóðs, til að kenna nokkrar vottaðar námsleiðir árið 2022. Stjórn Fræðslusjóðs samþykkti að veita 12.146.000 kr til kennslu námsleiðanna. Farskólinn sótti um aukafjármagn í febrúar að upphæð 1.995.000 kr til Fræðslusjóðs til að kenna tvær námsleiðir; „Færni í ferðaþjónustu“ fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þannig að framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsleiða verður: 14.141.000 kr árið 2022. Sjá töflu 9.

Tafla 9. Námskrár sem áætlað er að kenna árið 2022 og tímarammi framkvæmdar.

Heiti námskrár	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré (25%)												
Grunnmennt (ca. 50%)												
Færni í ferðaþjónustu 1 (tvö námskeið; Íslendingar og útlend)												
Beint frá býli – tilraunaverkefni, ný námskrá – þróunarstyrkur												
Eflum byggð – smíðja – Hofsó (og fleiri staðir í kjölfarið)												


Farskólinn fékk úthlutað 3.690.000 kr til náms- og starfsráðgjafar árið 2022. Náms- og starfsráðgjafi hætti störfum 30. nóvember og þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir nýjum ráðgjafa í upphafi nýs árs þá hafa engar umsóknir borist þegar þessi orð eru rituð. Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson hafa komið að verkefnum tengdum ferilmöppugerð og stöðumati í íslensku vorið 2022, til bráðabirgða. Bryndís hefur séð um allar skráningar í Innu vegna þessara verkefna. Sjá mynd 20.



Mynd 20. Myndin sýnir framlög, framkvæmd og áætlun náms- og starfsráðgjafar í Farskólanum undanfarin 10 ár. Græna súlan er áætlun ársins 2022.

Vorið 2022 verða ókeypis ráðgjafaviðtöl í boði fyrir starfsfólk HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki og Blönduósi. Verkefnið sem er haldið að frumkvæði stjórnar Ríkismenntar hefst að fullum þunga í apríl og maí. Þetta verkefni verður viðbót við aðra ráðgjafapjónustu árið 2022. Kristín Njálisdóttir, er framkvæmdastjóri Ríkismenntar.

Framlag til raunfærnimats árið 2022 er 3.854.000 kr. Framlag og framkvæmd hefur verið misjöfn á milli ára eins og sjá má á mynd 21.



Mynd 21. Myndin sýnir framlag til raunfærnimats frá árinu 2014 og framkvæmd.

Þau raunfærnimatsverkefni sem stefnt er að árið 2022 eru raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við Iðuna, skipstjórn í samstarfi við Visku, raunfærnimat í almennri starfshæfni, raunfærnimat á mótí námskrá fyrir starfsfólk Íþróttahúsa og sundlauga og í þjónustugreinum.

Framhald verður á þeim verkefnum sem þegar eru í gangi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og HSN, Fjölmennt og útlendinga sem vilja læra íslensku. Í apríl standa yfir fundir og viðræður við skólastjóra í Húnavatnssýslum um fræðsluverkefni fyrir alla starfsmenn skóla og leikskóla á svæðinu.

Í apríl hófst hugmyndavinna að nýju samfélagsverkefni sem skipuleggja á á Hofsósi. Um þessar mundir eru 20 ár frá því að Evrópuverkefninu „Breytum byggð“ eða „Learn Com“ lauk. Hugmyndin er að byrja á Hofsósi og yfirfæra verkefnið síðar yfir á önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Þess má líka geta að á vorkundi Farskólans 2021 var rætt um samfélagslega ábyrgð skólans og þetta verkefni fellur vel inn í þá umræðu. Þessi hugmynd verður þróuð áfram fram á sumar með stjórn og mun taka breytingum.

Farskólinn hefur áfram á sinni könnu þjónustu við háskólanemendur sem stunda fjarnám þrátt fyrir að það fjármagn sem fékkst í það verkefni á sínum tíma hafi verið látið niður falla af hinu opinbera. Þjónustan mun í náinni framtíð einskorðast við umsjón með prófatökum.

Lokaorð



Við skrif ársskýrslu er horft til baka; farið yfir sviðið og skoðað vandlega hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara. Í raun minnir þessi vinna svolítið á áramót. Í þessari ársskýrslu Farskólans er starfið vegið og metið um leið og greint er frá því helsta í starfseminni. Tölur eru teknar saman og settar fram á lýsandi hátt og bornar saman við fyrri ár. Stundum er samanburðurinn ánægjulegur og maður gleðst. Önnur verkefni valda hins vegar vonbrigðum og þá segir maður við sjálfan sig: „Við gerum þetta betur næst“.

Þrátt fyrir mikla bjartsýni um að heimsfaraldrinum Covid - 19 yrði lokið áður en árið 2021 gengi í garð, þá gengu þær óskir ekki eftir og ber starf síðasta árs þess merki.

Ég hef nefnt það fyrr, að einn helsti lærdómur á tímum faraldursins tengist tæknimálum. Við stukkum út í djúpu laugina og lærðum að setja upp fundi og kennslustundir á Teams og Zoom og tókum nemendur með okkur í stökkinu. Með því að vanda til verka og vera ávalt með tæknimann á hliðarlínunni þá hefur tæknin ekki brugðist okkur og hún er því komin til að vera. Við erum þó á þeirri skoðun að vefnámskeið leysi ekki staðnámskeiðin alveg af hólmi og ef nemendur óska eftir fjárfundi þá verðum við við þeirri ósk ef viðfangsefni námskeiðsins býður upp á það. Annars eru námskeið með fjarnámssniði ekki nýjar fréttir í Farskólanum því skólinn hefur stuðst við fjárfundarbúnað af einhverju tagi í hart nær þrjátíu ár og mun gera það áfram.

Það er óhætt að segja að við lifum nú tímum sem erfitt er að lýsa með orðum; heimsfaraldur vegna veirusýkingar, eldgos á Reykjanesi, stríð í Austur - Evrópu og loftslagsbreytingar. Á sama tíma er svokölluð fjórða iðnbylting komin á fulla ferð og miklar breytingar boðaðar hvað varðar gervigreind og sjálfvirkni starfa. Farskólinn verður því að vera á tánum, eins og aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og fylgjast vel með allri þróun. Við höfum áfram hlutverki að gegna næstu árin við að endurmennta fólk og veita því þjónustu, eins og ráðgjöf og raunfærnimat.

Stjórn Farskólans er meðvituð um það að reksturinn hefði mátt ganga betur undanfarin tvö ár. Ástæðan er bæði skert rekstrarframlag hins opinbera og eins heimsfaraldur vegna Covid. Stjórn Farskólans hefur hvatt starfsfólk til dáða og að sýna frumkvæði og þor í öllum sínum verkefnum. Starfsfólk er þakklátt fyrir það traust sem stjórnin sýnir því og vill standa undir þessu trausti með því að sækja fram á sem flestum sviðum.

Um þessar mundir eru liðin 30 ár frá því að Farskólinn var stofnaður en skólinn var stofnaður í desember 1992. Á þeim tíma var einn starfsmaður við skólann í hálfu starfi. Árið 2021 voru starfsmenn fimm í 4,5 stöðugildum. Starfsmönnum hefur fækkað um tvo frá áramótum.

Stjórn Farskólans, starfsfólki, verktökum, samstarfsaðilum og nemendum eru þökkuð gott samstarf árið 2021.

Fyrir hönd stjórnar Farskólans.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl

Yfirlit yfir námskeið Farskólans árið 2021

Farskólinn - námskeið vorið 2021								
	Heiti námskeiðs Vorönn 2021	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum - hópur 11 - seinni hluti	Sauðárkrókur	11				6	5
	Enska 2			10	40	400		
	Stærðfræði 2			11	40	440		
	Íslenska 1			4	40	160		
	Íslenska 2			8	40	320		
	Danska			8	40	320		
2	Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	Skr. / Skagast / Húnav	9				9	
	Hegðun og atferlismótun SÁLF2HA05			8	35	280		
	Uppeldisfræði UPP3A05			7	35	245		
	Proskasálfræði SÁLF3PS05			7	35	245		
3	Bændaröð - Ostagerð 9-10.jan	Skagaströnd	8	8	24	192	4	4
4	Fjölmennt - Smíðan - frh. frá hausti 2020	Sauðárkrókur	5	5	12	60	2	3
5	HSN - Áhrif Alzheimer á aðstandendur	Vefnámskeið	13	13	9	117	13	
6	HSN - Eflum þrautseigju	Vefnámskeið	11	11	2	22	11	
7	HSN - Forgangsakstur hópur 1	Vefnámskeið	4	4	3	12	1	3
8	HSN - Forgangsakstur hópur 2	Vefnámskeið	5	5	3	15	1	4
9	HSN - Græn skref	Vefnámskeið	7	7	1,5	10,5	3	4
10	HSN - ILS Blönduósi	Blönduós	14	14	12	168	9	5
11	HSN - ILS Sauðárkróki	Sauðárkrókur	15	15	12	180	6	9
12	HSN - Jákvæð samskipti, hópur 1	Vefnámskeið	14	14	1,5	21	14	
13	HSN - Jákvæð samskipti, hópur 2	Vefnámskeið	5	5	1,5	7,5	4	1
14	HSN - Lyfjameðferð aldraðra	Vefnámskeið	13	13	1,5	19,5	13	
15	HSN - Veikindi og veikindaréttur	Vefnámskeið	8	8	1	8	7	1
16	HSN Sálræn áföll	Vefnámskeið	17	17	4,5	76,5	17	
17	Ípadnámskeið Arion banka - hópur 1	Blönduós	1	1	3	3		1
18	Ípadnámskeið Arion banka - hópur 2	Blönduós	5	5	3	15	4	1
19	Íslenska fyrir útlendinga 1	Sauðárkrókur	14	14	60	840	10	4
20	Íslenska fyrir útlendinga 1	Blönduós	10	10	60	600	9	1
21	Íslenska fyrir útlendinga 1 (SAH)	Blönduós	7	7	60	420	2	5
22	Íslenska fyrir útlendinga 2 Pólverjar	Sauðárkrókur	7	7	60	420	5	2
23	Íslenska fyrir útlendinga 3	Hvammstanga	10	10	60	600	6	4
24	Íslenska fyrir útlendinga 4	Sauðárkrókur	9	9	60	540	6	3
25	Skagafj. - Skyndihjálpi - Birkilundur	Varmahlíð	17	17	6	102	17	
26	Skagafj. - Skyndihjálpi - Glaumbær	Skagafjörður	10	10	6	60	5	5
27	Skagafj. - Skyndihjálpi Ársalir	Skagafjörður	49	49	6	294	47	2
28	Skagafj. - Excel	Sauðárkrókur	7	7	20	140	6	1
29	Spænska framhaldshópur	Vefnámskeið	12	12	20	240	9	3
30	Spænska fyrir byrjendur	Vefnámskeið	7	7	20	140	4	3
31	Stétt - 360 gráðu heilsa	Vefnámskeið	21	21	9	189	20	1
32	Stétt - Að varða veginn	Vefnámskeið	5	5	6	30	5	
33	Stétt - Breyttu áskorunum í tækifæri	Vefnámskeið	8	8	10,5	84	6	2
34	Stétt - Fjölæringa í blómabeðin	Vefnámskeið	11	11	2,25	24,75	11	0
35	Stétt - Heilaheilsa og þjálfun hugans	Vefnámskeið	20	20	9	180	17	3
36	Stétt - Heimili og hönnun	Vefnámskeið	11	11	4,5	49,5	9	2
37	Stétt - Jákvæð samskipti	Vefnámskeið	20	20	1,5	30	19	1
38	Stétt - Pottaplöntubarinn	Vefnámskeið	9	9	2	18	9	
39	Stétt - Sálræn áföll	Vefnámskeið	5	5	4,5	22,5	5	
40	Stétt - Skipulagið heima fyrir herbergi fyrir herbergi	Vefnámskeið	17	17	3	51	17	
41	Stétt - Takk fyrir - í orðsins fyllstu	Vefnámskeið	13	13	1,5	19,5	11	2
42	Viskínámskeið	Sauðárkrókur	12	12	4,5	54	1	11
			476	519	896	8485	380	96

Farskólinn - námskeið haust 2021								
	Heiti námskeiðs Haustönn 2021	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Grunnmennt	Sauðárkrókur	10				6	4
	Námstækni			10	10	100		
	Enska 1			8	40	320		
	Stærðfræði 1			4	40	160		
	Haustönn eða vorönn??? Íslenska 1			4	10	40		
	Haustönn eða vorönn??? Stærðfræði 2			5	10	50		
2	Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	Skr. / Skagst / Húnav	11				11	
	Barnabókmenntir			6	35	210		
	Fatlanir			8	35	280		
	Leikur sem náms og þroskaleið			4	35	140		
3	Bændaröð - Að þurrka og grafa	Skagaströnd	9	9	6	54	6	3
4	Bændaröð - Heitreyking á fiski, kjöti og grænmeti	Skagaströnd	7	7	6	42	0	7
5	Bændaröð - Hrápilsugerð	Skagaströnd	6	6	9	54	1	5
6	Súrdeigsbakstur, hópur 1	Sauðárkrókur	10	10	5,5	55	10	0
7	Súrdeigsbakstur, hópur 2	Sauðárkrókur	7	7	5,5	38,5	7	0
8	Bændaröð - Súrmatsgerð	Skagaströnd	5	5	12	60	1	4
9	Bændaröð - Úrbeining á kind	Skagaströnd	6	6	12	72	5	1
10	Bændaröð - Söltun og reyking	Skagaströnd	7	7	4,5	31,5	3	4
11	Bændaröð - Pate og kæfugerð	Skagaströnd	5	5	12	60	4	1
12	Fjölmennt - Jólanámskeið	Sauðárkrókur	10	10	12	120	5	5
13	Fjölmennt - Líf og heilsa	Sauðárkrókur	4	4	117	468	2	2
14	Fjölmennt - Sund	Sauðárkrókur	5	5	18	90	3	2
15	HSN - HACCP	Vefnámskeið	15	15	6	90	12	3
16	HSN - Meðvirkni á vinnustað	Vefnámskeið	1	1	4,5	4,5	1	0
17	HSN - Samskipti við erfiða einstaklinga	Vefnámskeið	2	2	3	6	2	0
18	HSN - Samskipti við fólk með þunglyndi	Vefnámskeið	4	4	3	12	4	0
19	HSN - Skyndihjálpar 4 klst	Blönduós	9	9	6	54	8	1
20	HSN - Skyndihjálpar 12 klst	Blönduós	6	6	18	108	5	1
21	Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupúki	Sauðárkrókur	45	45	1,5	67,5	43	2
22	Íslenska fyrir útlendinga 1	Hvammstangi	7	7	60	420	5	2
23	Íslenska fyrir útlendinga 4	Hvammstangi	8	8	60	480	4	4
24	Árangursrík samskipti á vinnustað	Húnavatnshreppur	12	12	4,5	54	11	1
25	Skagafjörður - Líkamsbeiting	Varmahlíð	14	14	2,5	35	14	0
26	Skagafjörður - Náðu stjórn á vinnudeginum með Outlook	Vefnámskeið	16	16	3	48	14	2
27	Skagafjörður - Skyndihjálpar, Tröllaborg	Hólar	10	10	6	60	10	0
28	Skref til sjálfshjálpar - Íslenska fyrir útlendinga 1 - Sara og Davíð	Sauðárkrókur	6	6	60	360	3	3
29	Skref til sjálfshjálpar - Íslenska fyrir útlendinga 2	Sauðárkrókur	6	6	60	360	6	0
30	Skref til sjálfshjálpar - Íslenska fyrir útlendinga 2	Blönduós	9	9	60	540	7	2
31	Stétt - Árangursrík samskipti á vinnustöðum	Vefnámskeið	7	7	4,5	31,5	5	2
32	Stétt - Eitt í einu, þetta kemur	Vefnámskeið	4	4	1,5	6	4	0
33	Stétt - Eldhúsið hjarta heimilisins	Vefnámskeið	5	5	3	15	4	1
34	Stétt - Fjármál við starfslok	Vefnámskeið	16	16	3	48	13	3
35	Stétt - Í blíðu og stríðu með okkur sjálfum	Vefnámskeið	7	7	1,5	10,5	7	0
36	Stétt - Meðvirkni og áföll í uppveixinum	Vefnámskeið	13	13	3	39	13	0
37	Stétt - Pottaplöntur til að bæta loftgæði	Vefnámskeið	5	5	2,5	12,5	5	0
38	Viskí - Er ekki bara best að versla viskí	Sauðárkrókur	15	15	4,5	67,5	1	14
39	VMST - Frá umsókn til atvinnu	Sauðárkrókur	3	3	6	18	0	3
40	Þrifanámskeið	Hvammstangi	7	7	4,5	31,5	2	5
						0		
			354	382	827	5424	267	87

Upplýsingar um framhaldsfræðsluna sem gott er að vita

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynningar á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun ásamt viðtölum og frásögnum um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á vefnum Næsta skref er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf. Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu. Sjá: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

Stefnuyfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni

Leikn hefur látið þýða stefnuyfirlýsingu Evrópusamtaka um fullorðinsfræðslu, EAEA, yfir á íslensku. Í henni er meðal annars lagt til að farið verði í aðgerðir til að þróa evrópskt þekkingarsamfélag og efla fullorðinsfræðslu og símenntun til að Evrópa geti tekist á við áskoranir nútímans, m.a. um samkeppnishæfi, velferð, jafnrétti og sjálfbærni. Íslensku þýðinguna má finna hér: <http://leikn.is/frettir/stefnuyfirlysing-um-nam-fullordinna-a-21-oldinni/>

Nordic Netværk for Voksnes Læring

NVL er tengslanet um nám fullorðinna (www.nvl.org) og er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. Fulltrúi Íslands er Hildur Hrönn Oddsdóttir, sérfræðingur hjá FA. Íslendingar taka þátt í fjölda undirnetum NVL.

European Association for the ducation of adults

Á þessum vef má finna upplýsingar um fullorðinsfræðslu í Evrópu. Sjá: eaea.org

EPALE – vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

Vefgáttin er fyrir fagaðila í fullorðinsfræðslu, hagsmunaaðila, símenntunarmiðstöðvar og stefnumótunaraðila. Sjá: <https://www.erasmusplus.is/studningur-og-gogn/stodverkefni/epale>

Nám fullorðinna.is

Vefurinn er nokkurs konar kennsluvefur um nám fullorðinna. Hróbjartur Árnason, lektor, heldur vefnum úti. Slóðin er: <https://namfullordinna.is>

VIÐTAL við Jón Egil Indriðason sem sótti námskeiðið
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum við Farskólann

Námið gekk óvenju vel miðað við hvernig grunnskólagangan gekk ...

Haustið 2019 hófst námsleiðin „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Einn þátttakenda var Jón Egill Indriðason. Það vakti athygli okkar í Farskólanum að Jón Egill mætti alltaf snemma þótt hann ætti um langan veg að fara.

Hvaðan ertu? „Ég er fæddur á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og alinn upp á Álfrgeirsvöllum. Foreldrar mínir eru Svandís Lilja Marinósdóttir, sem nú er látin og Indriði Stefánsson. Ég á fjögur systkini. Þau Sigrúnu, Stefán, Marinó og Ingibjörgu“, segir Jón Egill. „Konan mín heitir Sigríður Þóra Stormsdóttir og á ég eina dóttir Guðbjörgu Rán og svo á ég fjögur fósturbörn“.

Í hvaða skóla fórst þú á sínum tíma? „Ég

gekk í Steinstaðaskóla og námið þar gekk svona og svona vegna námsörðuleika. Mér gekk ekki vel að lesa og þar með segir það sig sjálft að námið gengur ekki vel. Úr Steinstaðaskóla fór ég í Varmahlíðarskóla í 10. bekk og gekk ekkert betur að læra þar, þannig að eftir skóla lá leiðin út á vinnumarkaðinn“, segir Jón Egill. Árið 1999 fór Jón Egill í kvöldskóla hjá Iðnskólanum í Reykjavík og lauk þar fyrsta áfanga í ensku. „Voríð

2016 byrjaði ég í slátraranámi hjá FNV en hætti því þar sem það átti ekki við mig. Um haustið lét ég svo vaða í dagskóla hjá FNV“, bætir hann við.

Við hvað hefur þú unnið í gegnum tíðina? „Ég hef unnið við margt. Ég byrjaði sem polli í girðingavinnu uppi á fjöllum fyrir hreppinn. Ég hef verið við loðdýrarækt, unnið í sláturhúsi, verið í vélavinnu, í álveri og unnið við sprengingar. Ég starfaði einnig í Noregi. Undanfarin 15 ár hef ég verið bóndi og með bústörfunum er ég svo í löndun og þrífum í rækjuverksmiðjunni“.

Þú ákveður svo að skrá þig í nám hjá Farskólanum í almennum bóklegum greinum. Hvernig gekk námið í Farskólanum? „Námið gekk óvenju vel miðað við það hvernig grunnskólagangan gekk“, segir Jón Egill. Hann segir að gangurinn í náminu hafi verið góður og ekki mjög erfiður. Hann fékk aðgang að Hljóðbókasafninu sem hann nýtti sér óspart. Hann telur að ekki þurfi að breyta skipulagi námsins frá því sem nú er.

Að lokum er Jón Egill spurður að því hvort hann geti mælt með þessu námi hjá Farskólanum við aðra: „Já, ég geri það hiklaust“, segir hann. Jón Egill útskrifaðist sem vélvirki frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra voríð 2021.

Ertu með einhver frekari plön varðandi nám og störf? „Ég ætla að vinna eitthvað áfram í löndun og í þrífum en stefni svo einhvern tímann í vélvirkjunina og sveinspróf“, segir Jón Egill.

Að lokum er Jón Egill spurður út í það hvað hann geri í sínum frístundum. „Ég reyni að vinna í handverki ef tími er laus, það er eldsmiði og smíða skart úr hornum og beini“, segir Jón Egill að lokum.



Jón Egill að lokinni brautskráningu við FNV.
ARSENÍ MYND

Grein í bókinni: „Mundu að hnerra í regnbogann: Bók um skólastarf og Covid – 19“.

Ritstjóri: Svanhildur Sverrisdóttir.

Sjá : <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/23/Mundu-ad-hnerra-i-regnbogann-Bok-um-skolastarf-og-COVID-19/>

Fyrstu vikur heimsfaraldurs vorið 2020 í Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.



Það ríkti mikil bjartsýni í Farskólanum við upphaf árs 2020. Árið á undan hafði verið óvenju gott hvað fjölda námskeiða varði. Alls voru þá haldin 120 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum og þátttakendur voru rúmlega 1550 talsins. Starfsfólk Farskólans var búið að skipulegga vorönnina og framkvæmdastjóri hafði sent frá sér starfsáætlun skólans til ráðuneytis mennta- og menningarmála.

Um jól og fyrstu vikurnar í janúar höfðu borist óljósar fregnir af óþekktum vírussjúkdómi í Kína en framan af hafði framkvæmdastjóri Farskólans ekki miklar áhyggjur af því. Í lok febrúar og í byrjun mars varð ljóst að mikil alvara var á ferðum og upp úr miðjum mars urðu miklar breytingar á starfsemi. Stórum verkefnum, þar sem fræðsluáætlanir voru í gangi, var aflýst vegna óvissunnar sem framundan var og þeirra reglna sem yfirvöld höfðu sett varðandi skólastarf. Kennsla tveggja vottaðra námsleiða var alfarið flutt yfir á netið. Verkefnastjóri námsleiðanna tók að sér að kenna hverjum og einum námsmanni á kerfið og eins á sína eigin tölvu til að kennslan myndi ganga snurðulaust fyrir sig. Allt gekk þetta skjótt og vel eftir. Íslenskunámskeiðum var frestað fram á sumar.

Farskólinn lagði fram viðbragðsáætlun vegna Covid – 19 og birti hana á sinni heimasíðu og fljótlega var ákveðið að skipta starfsmannahópnum í tvennt. Tveir úr hópnum myndu vinna heima og tveir yrðu á sínum skrifstofum í Farskólanum. Hreinlætisvörur voru keyptar í stórum stíl og þeim dreift um húsnæði skólans; sprittbrúsar, klútar, hanskar og grímur. Nýr veruleiki var tekinn við.

Á meðan starfsmenn lögðu höfuðið í bleyti varðandi nýjar útfærslur fræðsluverkefna, barst bréf frá Unni Valborgu Hilmarisdóttur, framkvæmdastjóra SSNV, þar sem hún hvatti fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra til að hugsa út fyrir boxið. Í bréfi hennar sagði meðal annars:

„ ... SSNV vill þess vegna hvetja alla þá aðila sem sinna mennta- og menningarstarfi á Norðurlandi vestra að skoða möguleika á að finna leiðir til að létta íbúum landshlutans og landsmönnum öllum lífið næstu vikurnar og hugsa út fyrir boxið í þeim efnum. Getum við breytt námskeiðum í kennslu á netinu, t.d. í matargerð eða tungumálakennslu?“

Strax var ákveðið að taka Unni á orðinu. Ákveðið var að bjóða upp á nokkur vefnámskeið og vinna skipulagsvinnuna þannig að Farskólinn tæki ekkert umsýslugjald fyrir verkefnið og myndi þannig sýna nokkra samfélagsábyrgð í verki. Verkefnastjóri hjá SÍMEY

kom fljótlega inn í verkefnið með Farskólanum. Hugmyndin var að bjóða upp á ókeypis námskeið og fyrirlestra fyrir þá sem til dæmis þurftu að vinna heima. Stéttarfélögin Aldan, Samstaða og Verslunarmannafélag Skagafjarðar greiddu námskeiðsgjaldið fyrir sína félagsmenn. SSNV greiddi fyrir þá sem ekki voru í fyrrgreindum félögum. Námskeiðin voru auglýst fyrir alla íbúa á svæðinu og opin öllum sem vildu. Þátttakendur þurftu að skrá sig, því ákveðið var að bjóða upp á ákveðinn fjölda sæta til að þátttakendur gætu varpað fram spurningum og eins til að auka gæði námskeiðanna. Eftir páska komu síðan sjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt inn í verkefnið á landsvísu.

Samtals voru haldin 20 vefnámskeið á vorönn 2020 og þátttakendur voru samtals 186. Áherslan var á að bjóða námskeið sem myndu auka vellíðan fólks á breiðum grunni. Á haustönn var haldið áfram að bjóða upp á vefnámskeið og sem fyrr var áherslan á að bjóða upp á uppbyggilegt efni.

Þegar þessar línur eru skrifaðar er verið að gera árið 2020 upp hjá Farskólanum. Reksturinn verður öfugum megin við núllið en það var alltaf viðbúið eftir að faraldurinn hófst og námskeið voru ýmist felld niður eða þeim frestað. Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi enda samþykkti stjórn að halda starfseminni óbreyttri áfram næstu mánuðina.

Hver er svo lærdómurinn eftir árið 2020? Hann er fyrst sá að þegar á þarf að halda erum við í Farskólanum ótrúlega fljót að bregðast við og aðlaga okkur að breyttum tímum. Við komumst einnig að því að það getur verið ágætt að vinna heima, sérstaklega í ljósi þess hversu auðvelt er að hafa samskipti í gegnum netið.

Í mars 2021 eru áherslur enn á veflæg námskeið en vonandi sjáum við fyrir endann á ástandinu og getum farið að hittast aftur eins og fyrir veiru.

Bryndís Kristín Þráinsdóttir.

Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.